

4. fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 4. apríl 2024 15.00.

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Árný Huld Haraldsdóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Arnlín Óladóttir, Matthías Lýðsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir.

Forföll boðuðu Aníta Björk Pálínudóttir, Finnur Ólafsson, Baldur Smári Einarsson, Guðlaugur Jónsson, Jón Árnason, Eva Sigurbjörnsdóttir, Kristján Þ Kristjánsson, Jón Sigmundsson og Vilbergur Þráinsson.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn, annarsvegar frá Vestfjarðastofu þeir Hjørleifur Finnsson verkefnastjóri umhverfis og loftlagsmála, og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar sem ritaði einnig fundargerð. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi Urbana ehf, Héðinn Unnsteinsson stjórnsýslufræðingur, Urbana ehf, Hlynur Torfason skipulagssérfræðingur, VSÓ ráðgjöf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur, VSÓ ráðgjöf.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

1. Kynning á drögum að lýsingu svæðisskipulags.
2. Afgreiðsla á tillögu á lýsingu svæðisskipulags
3. Önnur mál.

Af tæknilegum ástæðum gat formaður ekki sett fundinn fyrr en 15.20. Hún skýrði síðan frá því að Bragi hefði staðfest komu á fundinn en honum myndi seinka og með þeirri fullvissu teldi hún fundinn löglegan og hann ályktunarhæfur. Formaður kannaði síðan hvort athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið til boðaðar dagskrár.

1. Kynning á drögum að lýsingu svæðisskipulags.

Formaður gaf Hrafnkeli orðið.

Hrafnkell lagði fram til umræðu drög að lýsingu svæðisskipulags og vísast til gagna fundarins. Fram kom að lýsingin væri áfangi samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 23. gr skipulags um framkvæmd svæðisskipulags. Á grunni lýsingar væri síðan unnin vinnslutillaga svæðisskipulags og tillaga að umhverfismati áætlunarinnar og að lokum endanleg tillaga að svæðisskipulag og umhverfismat. Við lok hvers áfanga væri leitað afstöðu sveitarfélaganna áður en næsti áfangi væri tekinn.

Til máls tóku Lilja, Matthías og Aðalsteinn.

Bragi mætti til fundar.

2. Afgreiðsla á tillögu á lýsingu svæðisskipulags

Með vísan til kynningu á drögum að lýsingu lagði formaður fram tillögu um að óska eftir afgreiðslu sveitarfélaga á tillögu að lýsingu svæðisskipulags Vestfjarða ásamt tveim viðaukum, lýsing á ferli og samantekt yfir stefnur og áherslur.

Tillagan borinn upp og samþykkt með 9 atkvæðum enginn á móti.

Formaður fól sviðsstjóra að undirbúa erindi til sveitarstjórna sem standa að gerð svæðisskipulagsins og óska eftir afgreiðslu þess fyrir miðjan maí n.k..

3. Önnur mál.

Aðalsteinn kynnti að komin væri út skýrslan Fjarskiptaáætlun Vestfjarða. Efni skýrslunnar yrði kynnt á opnum fundi þann 8. apríl n.k., hér væri fjallað um stöðu og úrbætur á farneti, staðarneti, öryggisfjarskiptum og útvarpssendingum. Skýrslan yrði hluti af gögnum svæðisskipulagsins enda um að ræða mikilvæga innviði.

Formaður þakkaði nefndarmönnum, ráðgjöfum og starfsmönnum fyrir setu á fundinum og þátttöku í vinnuhópum og sleit fundi kl 16.45.